

Grein í Austurgluggann

Barnaverndartilkynningar og Neyðarlína 112

11. febrúar er svokallaður 112 dagur. Neyðarlínan gegnir mikilvægu hlutverki gagnvart börnum og unglingum í vanda. Allir landsmenn hafa tilkynningarskyldu gagnvart börnum sem búa við óviðunandi aðstæður og 112 er neyðarnúmer barnaverndarnefnda um allt land.

Láttu þig börn varða

Ef þú grunar að barn sæti vanrækslu/ofbeldi í þínu nánasta umhverfi eru réttu viðbrögðin að hafa samband við barnaverndaryfirvöld í þínu sveitarfélagi. Þar er tekið á móti tilkynningum og veittar ráðleggingar þegar áhyggjur vakna varðandi slæman aðbúnað barna. Á kvöldin og um helgar er tekið á móti tilkynningum hjá Neyðarlínunni í síma 112.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs sinnir vinnslu barnverndarmála í alls sex sveitarfélögum, þ.e. Vopnafjarðarhreppi, Borgarfirði eystri, Seyðisfjarðarkaupstað, Djúpavogi og Fljótsdalshreppi auk Fljótsdalshéraðs

Velferð barna er allra ábyrgð

Starfsfólk skóla, leikskóla, heilbrigðisstofnana, prestar og aðrir opinberir aðilar hafa tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum ef grunsemdir vakna um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni. Hinn almenni borgari hefur einnig tilkynningarskyldu gagnvart þeim börnum sem á leið hans verða, en hefur möguleika á nafnleynd gagnvart fjölskyldunni sem hlut á að máli, en ekki gagnvart barnaverndaryfirvöldum.

Nafnleynd oft vandamál

Af fenginni reynslu mælir starfsfólk Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs með því að fólk reyni að komast hjá því að nýta sér nafnleyndina, heldur komi hreint fram, t.d. með því að lýsa því yfir við foreldrana að áhyggjur séu af aðbúnaði barnsins, bjóða fram aðstoð sína eða að upplýsa um að ekki sé annað fært en að hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Í undantekningartilvikum er hægt að mæla með því að tilkynningar berist undir nafnleynd, t.d. ef fáir þekkja til aðstæðna barnsins og tilkynning með nafni hafi í för með sér að klippt sé á öll tengsl við barnið eða þegar um ofbeldisfulla foreldra er að ræða og ástæða til að ætla að af þeim stafi hætta. Dæmi eru um að nafnleyndin hafi vandamál í för með sér. Foreldrar leggja gjarnan allt kapp á að komast að því hver hafi lagt fram tilkynninguna og fara jafnvel að gruna fólk í sínu nánasta umhverfi, t.d. afa, ömmur, frænkur, frændur og góða nágranna. Stundum ganga foreldrar svo langt í þessu sambandi að þeir banna barninu að umgangast nána aðstandendur og vini. Algengast er að almenningur byrji á því að setja sig í samband við barnaverndaryfirvöld símleiðis og fái þannig ráðleggingar um næstu skref.

Opin og heiðarleg samskipti

Eftir að hafa mótttekið tilkynningu vegna aðstæðna barns þarf að meta hvort hún sé trúverðug og þess eðlis að rétt sé að kynna sér frekar aðstæður barnsins. Sú ákvörðun þarf að liggja fyrir innan sjö daga frá því að tilkynning berst. Sé ákveðið að kynna sér frekar aðstæður barnsins er það gert í

Grein í Austurgluggann

samstarfi við foreldra barnsins, nema í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á líkamlegu, andlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu foreldra.

Hjá Félagsþjónustu Fljótshéraðs er lögð áhersla á að vera í opnum og heiðarlegum samskipum við fólk. Því eru aðstæður barna gjarnan kannaðar á sameiginlegum fundi, þar sem þeir aðilar sem þekkja til barnsins eru kallaðir saman ásamt foreldrum.

Fjöldi tilkynninga

Á þjónustusvæði Fljótshéraðs bárust árið 2013, 60 tilkynningar vegna 43 barna. 25 tilkynninganna bárust vegna ofbeldis gegn barni, 25 vegna áhættuhegðunar barns en 10 tilkynningar bárust vegna vanrækslu barns.

Er ástæða til að láta vita ?

Til þess að svara þessari spurningu er ágætt að máta sín eigin börn, barnabörn eða önnur börn sem þér þykir væntu um, í þær aðstæður sem um ræðir. Ef þú vilt ekki sjá þau börn í tilteknum aðstæðum, er líklega ástæða til þess að hringja í barnaverndaryfirvöld í þínu sveitarfélagi og leita ráða og í framhaldi af því að ákveða hvort lögð verði fram tilkynning vegna viðkomandi barns eða ekki.

4. febrúar 2014

Guðrún Frímannsdóttir,

Félagsmálastjóri Fljótshéraðs.